

Nd.

1311. Breytingartillögur

[423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GE).

1. 3. gr. hljóði svo:

Um heimili og varnarþing viðskiptabanka fer eftir samþykktum þeirra. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

2. Við 9. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Viðskiptaráðherra skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þessara manna.

3. Á eftir 9. gr. komi ný gr. er hljóði svo:

Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþingismenn í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

4. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður er orðist:

Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutfélagsbanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutfé hvers banka miðað við eignir hans og viðskipastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutfélagsbanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. janúar 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5 af hundraði hlutafjár.

Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. desember 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.

Viðskiptaráðherra fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi.